

**Sp.**

**554. Tillaga til þingsályktunar**

[268. mál]

um mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum.

Flm.: Helgi F. Seljan.

Alþingi álykar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, að á árinu 1979 verði gert átak til að ráða bót á mengun frá fiskimjölsverksmiðjum og jafnframt verði gerð áætlun um varanlegar úrbætur í mengunarmálum slíkra fyrirtækja í samvinnu við hlutaðeigandi eigendur og samtök þeirra svo og heilbrigðis- og náttúruverndar- yfirvöld.

Áætlunin taki m. a. mið af að lágmarkskröfum um mengunarvarnir allra starfandi fiskimjölsverksmiðja verði fullnægt innan tveggja ára og fjármagn sé tryggt til þeirra aðgerða. Verði í senn haft í huga ytri og innri umhverfi verksmiðjanna og athugaðir möguleikar á bættri nýtingu hráefnis og orkusparnaði samhliða viðhlítandi mengunarvörnum.

**Greinargerð.**

Marggefin tilefni valda því, að rétt þykir nú og brýnt að flytja þingsályktunartillögu um mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum.

Meginatriði þess vanda, sem þar er komið inn á, kalla á skjóta og örugga úrlausn þar sem stjórnvöld hljóta að hafa alla forustu.

Til þess að greinargerð með tillögu þessari mætti vera sem ítarlegust var leitað til fróðustu aðila um upplýsingar.

Eyjólfur Sæmundsson deildarverkfræðingur hjá Heilbrigðiseftirliti ríkisins veitti þær góðfúslega og færir flm. honum þakkir fyrir glöggar upplýsingar um eðli vandans og beinar tillögur til úrbóta. Meginmál þess, sem hér fer á eftir, er á þessu byggt.

Á nýafstaðinni loðnuvertið komu fram háværar kröfur frá íbúum ýmissa byggðarlagar um úrbætur í mengunarmálum fiskimjölsverksmiðja, og er þar skemmst að minnast kröfugöngu húsmæðra í Keflavík og Njarðvík vegna óþolandi loftmengunar frá verksmiðjunni í Njarðvík. Hér er um að ræða gamalt vandamál, sem menn hafa átt við að stríða, og hafa oft áður komið fram mótmæli íbúa í byggðarlögum þar sem slíkrar mengunar gætir í verulegum mæli. Þannig barst þingmönnum Austurlandskjördæmis afrit af erindi til ríkisstjórnarinnar frá heilbrigðisnefndum og heilbrigðisfulltrúum 5 þéttbýlisstaða á Austurlandi í nóvember 1978, þar sem heitið er á stjórnvöld að beita sér fyrir úrbótum á loft- og lagarmengun frá fiskimjölsverksmiðjum, sem valdi m. a. íbúum þessara staða verulegum óþægindum og jafnvel heilsutjóni. Einnig hafa farið fram undirskriftasafnanir, sem fjöldi fólks hefur tekið þátt í, t. d. á Akranesi og í Keflavík og Njarðvík. Mengun frá verksmiðjunum hefur hins vegar nú náð nýju hámarki vegna stóraukins aflamagns og aukinnar afkastagetu einstakra verksmiðja.

Á landinu munu vera starfandi í dag 33 verksmiðjur, sem unnið geta úr feitum fiski (loðnuverksmiðjur) eða unnið gætu úr slíkum fiski með fremur litlum endurbótum, auk u. þ. b. 20 verksmiðja, sem einungis geta unnið úr fiskúrgangi. Verst

hefur ástand loftmengunarmála að undanfögnu verið í bæjunum við Faxaflóa utan Reykjavíkur og á Austfjörðum, en vandamálsins verður vart viðast hvar þar sem slíkar verksmiðjur eru reknar.

Mengunarvandamál fiskimjölsverkmiðja eru ekki einungis takmörkuð við loftmengun. Viða hefur orðið vart við verulega sjávarmengun frá slíkum verkmiðjum, einkum á Austfjarðahöfnum og á Siglufirði, þar sem grútur frá verkmiðjunum hefur lagst á fjörur. Var gerð athugun á vandamáli þessu s. l. haust á vegum Heilbrigðiseftirlits ríkisins og niðurstöður ásamt tillögum um úrbætur birtar í skýrslu um málið (Grútamengun frá loðnuvinnslu, Reykjavík 30. okt. 1978). Ljóst er enn fremur að mikil verðmæti fara forgörðum hvert ár með frárennsli frá verkmiðjunum. Auk þessara vandamála má benda á að veruleg óþrif stafa víða af slæmri umgengni um athafnasvæði verkmiðjanna og ófullnægjandi frágangri hráfnisgeymslna. Starfsumhverfi er einnig víða verulega ábótavant, m. a. vegna ónógrar loftræstingar, óþrifa á vinnustöðum, heilsuspillandi hávaða og ófullnægjandi starfsmannaaðstöðu.

Fram til 1969 voru opinber afskipti af þessum málum alfarið í höndum heilbrigðisnefnda viðkomandi sveitarfélaga. Með lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 12/1969, var sveitarfélögum áfram falið heilbrigðiseftirlit hverju í sínu umdæmi, en stofnað var Heilbrigðiseftirlit ríkisins er hafa skyldi yfirumsjón með starfi heilbrigðisnefndanna. Með reglugerð nr. 164/1972, um varnir gegn mengun af völdum eitrefna og hættulegra efna, sem sett var samkvæmt lögum nr. 85/1968, um eitrefni og hættuleg efni, var rekstur fiskimjölsverkmiðja, ásamt með rekstri annarra verkmiðja sem mengunarhætta fylgir, bundinn sérstöku starfsleyfi heilbrigðismálaráðherra. Reglugerðin nær jafnt til eldri fyrirtækja sem nýrra, og skulu umsóknir um starfsleyfi ásamt tilskildum gögnum sendar Heilbrigðiseftirliti ríkisins er gerir tillögur til ráðherra um afgreiðslu hvers leyfis. Auk heilbrigðisyfirvalda hefur Náttúruverndarráð látið þessi mál nokkuð til sín taka og þau hafa verið rædd sérstaklega á tveim síðustu náttúruverndarþingum.

Almennt má segja að mjög treglega hafi gengið að fá framgengt kröfum heilbrigðisyfirvalda um úrbætur í mengunarmálum fiskimjölsverkmiðja. Hafa verkmiðjueigendur m. a. borið við fjármagnsskorti, skorti á opinberri fyrirgreiðslu og skorti á samræmingu krafna um úrbætur. Þær úrbætur, sem helst hafa verið gerðar fram til þessa gagnert til þess að draga úr óþef og loftmengun, eru sem hér segir:

#### **Reykjavík.**

Við þær þrjár verkmiðjur, sem starfræktar eru, hefur reykurinn verið hreinsaður í einföldum þétti og þvottaturnum, en slíkur búnaður fjarlægir einungis hluta lyktarefnanna. Auk þess var reistur 70 m hár reyk háfur við verkmiðjuna að Kletti.

#### **Þorlákshöfn.**

Reistur var rúmlega 40 m hár reyk háfur árið 1976 og er talið að hann hafi orðið að verulegu gagni, enda landfræðilegar aðstæður með þeim hætti að vænta má gagns af slíkri ráðstöfun.

#### **Grindavík.**

Við verkmiðjuna hefur verið reistur rúmlega 30 m hár reyk háfur sem talinn er hafa dregið úr óþægindum, enda aðstæður svipaðar og í Þorlákshöfn.

#### **Akranes.**

Reistur var á s. l. ári 43 m hár reyk háfur við verkmiðjuna. Reykháfurinn mun hafa komið að verulegu gagni fyrir þá sem búa næst verkmiðjunni, en kvartanir hafa eftir sem áður borist frá íbúum sem fjær búa. Einungis er lítið á þessa ráðstöfun sem bráðabirgðaráðstöfun til fárra ára.

### Hafnarfjörður.

Á s. l. ári var settur upp við verksmiðjuna hreinsibúnaður, sem Jón Þórðarson hefur hannað. Er útblástursloftið fyrst meðhöndlað í þétti- og þvottabúnaði, en síðan í hreinsitæki Jóns Þórðarsonar. Rekstur búnaðarins hefur gengið nokkuð erfiðlega vegna erfiðleika á öflun nægilega hreins sjávar fyrir þétti- og þvottabúnaðinn auk bilana á tækjabúnaði. Einungis hafa verið gerðar takmarkaðar mælingar á hreinsihæfni búnaðarins, enda nauðsynlegur búnaður til slíkra mælinga ekki fyrir hendi í landinu eins og síðar mun frá greint. Þannig liggur ekki fyrir í dag hvort búnaður þessi muni geta leyst þann vanda sem honum er ætlað að leysa. Vissulega væri æskilegt að vandamál sem þessi yrðu leyst með íslensku hugviti og framleiðsla slíks búnaðar félli íslenskum iðnaði í skaut.

### Njarðvík.

Hafist hefur verið handa um að endurnýja búnað verksmiðjunnar og taka upp gufuburrkun í stað eldþurrkunar. Jafnframt er gert ráð fyrir að útblástursloft verði hreinsað í þétti- og þvottabúnaði, en síðan brennt undir gufukötlum verksmiðjunnar. Þessi aðferð hefur gefið góða raun í nágrannalöndunum, en þar hafa verið reistir sérstakir efnahreinsiturnar til viðbótar þessum búnaði til notkunar í þeim tilvikum þegar gufukatlar anna ekki brennslu útblásturslofts.

### Neskaupstaður.

Við endurreisn verksmiðjunnar eftir snjóflóðin í desember 1974 var við hönnun mannvirkja gert ráð fyrir að hreinsibúnaður yrði settur upp við verksmiðjuna síðar. Kannanir hafa verið gerðar á hentugum búnaði og tilboða aflað, en af framkvæmdum hefur ekki orðið. Að því máli er nú hugað alveg sérstaklega og ákvörðun væntanleg innan tíðar um aðgerðir.

Loftmengun, sem frá fiskimjölsverksmiðjunum stafar, er flókið vandamál og erfitt úrlausnar. Við rotnun og niðurbrot á fiski myndast fjöldi daunillra lofttegunda sem losna úr læðingi, þegar unnið er úr hráefninu, og berast út í andrúmsloftið. Tækniþróun til lausnar þessa vandamáls hefur hins vegar verið ör á undanförunum árum. Við upphaflega afgreiðslu starfsleyfa skv. reglugerð nr. 164/1972 á árunum 1972 til 1974 var þannig gengið út frá því, að vandamál þetta yrði ekki leyst nema með háum reykháfum. Í maí 1976 gaf Heilbrigðiseftirlit ríkisins hins vegar út ítarlega greinargerð um þessi mál sem byggð var á könnun á þróun þessara mála í nágrannalöndunum. Urðu niðurstöður stofnunarinnar þær, að eyða mætti lyktinni að mestu leyti og kæmu eftirtaldir þrjár leiðir helst til greina í því efni:

1. Tekin verði upp þvottur útblásturslofts í svonefndum efnahreinsiturnum af viðurkenndri gerð.
2. Tekin verði upp brennsla útblásturslofts í eldhólfi þurrkara með svonefndri Hetland-aðferð.
3. Breytt verði um framleiðsluhætti og tekin upp gufuburrkun samfara brennslu lyktarefna undir gufukötlum eða eyðingu þeirra í efnahreinsiturnum.

Frá því greinargerð þessi var gefin út hefur orðið enn frekari þróun og menn fengið reynslu af þeim búnaði sem um ræðir.

Fram hafa komið frá verksmiðjueigendum ábendingar um að setja verði staðlaðar kröfur um hæfni lykteyðingarbúnaðar við fiskimjölsverksmiðjur. Þetta er ýmsum erfiðleikum háð vegna þess, hve samsetning útblástursloftsins er flókin. Engu að síður hefur Heilbrigðiseftirlit ríkisins nú gert tillögu til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins um setningu fastmótaðra reglna í þessum efnum, bæði um lágmarkshæfni slíks búnaðar og framkvæmd mælinga og mats á hæfni búnaðarins. Til þess að nauðsynlegar mælingar geti farið fram skortir hins vegar fjármagn til kaupa á nauðsynlegum mælíbúnaði og þjálfunar starfsmanna (líklegur kostnaður er 4–5 milljónir kr. á núverandi gengi). Fyrr en slíkar mælingar hafa verið gerðar verður

hins vegar ekki skorið úr um hæfni þess búnaðar, sem settur hefur verið upp í Hafnarfirði og unnið er að koma upp við verksmiðjuna í Njarðvík, né heldur annars búnaðar, sem upp kann að verða settur í náinni framtíð.

Ljóst er að Íslendingar hafa dregist langt aftur úr nágrannaþjóðunum í þessum málum, en þar eru nú starfræktar fjölmargar verksmiðjur sem leyst hafa sín mengunarvandamál að langmestu leyti, bæði hvað varðar loftmengun og sjávarmengun. Jafnframt eru þessar verksmiðjur betur búnar framleiðslutækjum og hafa að jafnaði náð betri nýtingu hráefnis en hér er algengast. Á allra síðustu árum hefur þó stóráuknu fjármagni verið varið til fjárfestingar í íslenskum loðnuverksmiðjum, svo sem fram kemur í skýrslu áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins um loðnuverksmiðjur frá janúar 1979. Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir framkvæmdum, sem unnið hefur verið að á undanförunum tveimur árum, og þeim áætlunum um framkvæmdir, sem uppi eru. Fram kemur að á árinu 1977 var á vegum loðnuverksmiðjanna varið 1886.6 millj. kr. og á árinu 1978 2 234.9 millj. kr. til framkvæmda, en á árinu 1979 er áætlað að verja 2 976.8 millj. kr. Af þessum upphæðum er einungis óverulegum fjárhæðum varið til mengunarvarna.

Gera þarf stóráttak til úrbóta í mengunarmálum fiskimjölsværksmiðja hér á landi á næstu árum. Leggja ber á það höfuðáherslu að firra sem fyrst íbúa þeirra byggðarlaga, sem nú eru verst settir í þessum efnum, þeim óþægindum sem loftmengunin hefur valdið, jafnframt því að komið verði í veg fyrir alvarlega mengun sjávar af völdum frárennslis. Jafnframt þarf að samræma aðgerðir í mengunarmálum úrbótum á öðrum þáttum í rekstri verksmiðjanna. Þannig má í ýmsum tilvikum koma við aðgerðum til hagræðingar og framleiðniaukningar samhliða mengunarvörnum í stað þess að einungis verði um fjárfestingu í fjárhagslega óarðbærum mengunarvarnabúnaði að ræða. Sérstaklega ber að athuga í hverju tilviki hvort hagkvæmt sé að taka upp gufuburrkun í stað eldþurrkunar, en með gufuburrkun má auka gæði framleiðslunnar. Enn fremur þarf að taka tillit til sjónarmiða orkusparnaðar, en á undanförunum árum hafa m. a. komið fram hugmyndir um nýtingu þeirrar orku sem felst í útblásturslofti fiskimjölsværksmiðja.

Ljóst má vera af framansögðu að nauðsynlegt er að efna til samstarfs þeirra aðila er vinna að málefnum fiskimjölsværksmiðja. Virðist eðlilegast að gerð verði víðtæk áætlun um úrbætur í mengunarmálum fiskimjölsværksmiðja, þar sem einnig verði tekið tillit til framleiðni- og orkusparnaðarsjónarmiða. Slíkri áætlun væri heppilegast að skipta annars vegar í almennar lágmarkskröfur, sem allar verksmiðjur verða að uppfylla, og hins vegar frekari kröfur, sem einstakar verksmiðjur yrðu að uppfylla vegna sérstakrar stöðu sinnar, t. d. vegna óheppilegrar afstöðu til byggðar, mikilla afkasta eða langs vinnslutíma. Hinar almennu kröfur þurfa m. a. að ná til aðgerða í frárennslismálum, frumhreinsunar á útblásturslofti, loftræstingar á framleiðslubúnaði og vinnslusölum, frágangs hráefnisgeymslna, frágangs og umgengni um athafnasvæði og fleira. Hinar sérstöku kröfur þurfa hins vegar fyrst og fremst að beinast að frekari aðgerðum til lykteyðingar þar sem þeirra er þörf.

Ljóst er að þær úrbætur, sem hér er um fjallað, munu kosta mikið fé og að árangur muni ekki nást nema til komi fyrirgreiðsla af hálfu hins opinbera. Sérstaklega ber að hafa í huga í þessu sambandi að verulegur hluti kostnaðar mun óhjákvæmilega verða fjárhagslega óarðbær fyrir verksmiðjurnar. Á fjárlögum fyrir árið 1979 er í fyrsta sinn veitt heimild til þess að fella niður aðflutningsgjöld af búnaði til mengunarvarna. Til þess að tryggja þá samræmingu aðgerða, sem rætt er um hér að framan, er hins vegar nauðsynlegt að aðflutningsgjöld verði einnig felld niður af meginframleiðslubúnaði fyrir fiskimjölsværksmiðjur, svo sem gufuburrkurum, gufuköttlum o. fl. Auk þessara aðgerða er ljóst að einnig verður að koma til stóráukin lánaþyringreiðsla til verksmiðjanna þannig að dreifa megi kostnaði við mengunarvarnir yfir hæfilegt tímabil. Sérstaklega þarf að meta í þessu sambandi hvort heppilegt sé að leggja hluta af hráefnisverði verksmiðjanna í sérstakan sjóð til fjármögnunar á úrbótum í þessum málum.